

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulaginu „Suðurbær sunnan Hamars“ vegna Selvogsgötu 3.
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 31. ágúst síðastliðinn breytingu á deiliskipulagi. Breytingin felst í að gerður er 24,3 m² byggingarreitur fyrir geymslu í NV-horni lóðarinnar við Selvogsgötu 3.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga og hefur uppdráttur og greinargerð hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 1. desember 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2022